

Ed.

143. Frumvarp til laga

[136. mál]

um breyting á lögum nr. 95/1980, um Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda.

(Lagt fyrir Alþingi á 110. löggjafarþingi 1987.)

1. gr.

6. gr. laganna orðist svo:

Stjórn sjóðsins sér um ávöxtun á fé hans og skal það gert á eftirfarandi hátt:

1. Í ríkisskuldabréfum og skuldabréfum sem tryggð eru með ábyrgð ríkissjóðs.
2. Í skuldabréfum bæjar- og sveitarfélaga.
3. Í bönkum og sparisjóðum sem fullnægja ákvæðum laga nr. 86/1985 eða laga nr. 87/1985 eða í skuldabréfum sem tryggð eru með ábyrgð ofangreindra aðila.
4. Í skuldabréfum stofnlánasjóða atvinnuveganna, fjárfestingarstofnana eða annarra lána-
stofnana en þeirra sem áður er getið, enda starfi þær samkvæmt sérstökum lögum eða
Seðlabanki Íslands hafi veitt þeim viðurkenningu í þessu skyni.
5. Í skuldabréfum tryggðum með veði í húseignum allt að 65% af brunabótamatsverði, eða
sé brunabótamat ekki fyrir hendi þá af matsverði sem ákveðið er af tveim mönnum sem
fjármálaráðherra tilnefnir, og allt að 75% af fasteignamatsverði lóða í kaupstöðum og
kaupúnum.

2. gr.

2. og 3. mgr. 8. gr. laganna orðist svo:

Iðgjald skal greiða af öllum launatekjum starfsmanna, hverju nafni sem nefnast, og gera upp mánaðarlega. Nú eru laun greidd vikulega, og skal þá mánaðarlegt uppgjör miðast við þær vikur, fjórar eða fimm, sem lýkur í mánuðinum.

Stjórn sjóðsins setur reglur um við hvaða tekjur skuli miða iðgjöld þeirra sjóðfélaga sem ekki eru launþegar.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Frá gildistöku laga þessara til ársloka 1989 skal þrátt fyrir ákvæði 8. gr. greiða iðgjöld af öðrum launum en fyrir dagvinnu, þar með talið vaktaálag, sem hér segir:

	Hluti launþega	Hluti atvinnurekanda	Samtals
Frá gildistöku laga þessara til 31. desember 1987	1,0%	1,5%	2,5%
Frá 1. janúar 1988 til 31. desember 1988	2,0%	3,0%	5,0%
Frá 1. janúar 1989 til 31. desember 1989	3,0%	4,5%	7,5%

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í tengslum við kjarasamninga þá, er tókust með félögum ASÍ og vinnuveitendum 26. febrúar 1986, var samið um tvö atriði er snertu starfsemi lífeyrissjóða. Í fyrsta lagi skyldu lífeyrissjóðirnir lána verulegan hluta ráðstöfunarfjár til Húsnæðisstofnunar ríkisins. Í öðru lagi skyldi greiða iðgjald til lífeyrissjóða af öllum launatekjum starfsmanna í stað dagvinnulauna. Breyting þessi á að gerast í áföngum á árunum 1987–1989. Í samræmi við nefnd samningsákvæði breyttu flestir lífeyrissjóðir landsins reglugerðum sínum á síðasta ári og hefur fjármálaráðuneytið staðfest þær breytingar.

Lög nr. 95/1980, um Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda, eru sniðin eftir reglugerðum lífeyrissjóða innan Sambands almennra lífeyrissjóða — SAL. Stjórn Söfnunarsjóðsins, sem m.a. er skipuð samkvæmt tilnefningu SAL, Landssambands lífeyrissjóða og stjórnar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, er einhuga um það að eðlilegt sé að lögunum verði breytt til samræmis við þær reglur sem nú gilda um iðgjöld til sjóða innan SAL og Landssambandsins. Réttur félaga í Söfnunarsjóðnum til lífeyris er tryggður með sama hætti og almennt tíðkast hjá lífeyrissjóðum að frátöldum sjóðum opinberra starfsmanna. Telja verður því eðlilegt að breyting sú, sem frumvarpið felur í sér, nái fram að ganga.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lífeyrissjóðir og Húsnæðisstofnun hafa samið um það að á næstu árum láni sjóðirnir meiri hluta af ráðstöfunarfé sínu til Húsnæðisstofnunar. Ákvæði um forgangsrétt sjóðfélaga til lána hafa því verið felld úr reglugerðum sjóðanna. Lagt er til að samsvarandi ákvæði verði felld úr 6. gr. laga um Söfnunarsjóðinn.

Röð á ávöxtunarkostum er nokkuð breytt.

Um 2. gr.

Lagt er til að ákvæði um að iðgjald skuli einungis greiða af tekjum fyrir dagvinnu eða jafngildi dagvinnu, þar með talið vaktaálag, verði felld niður. Í stað ákvæða þessara verði kveðið svo á að iðgjald skuli greiða af öllum launatekjum starfsmanna, hverju nafni sem nefnast.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Samkvæmt kjarasamningum, sem áður hefur verið vikið að, skulu breytingar á stofni iðgjalda taka þrjú ár. Breytingar þessar komu til framkvæmda 1. janúar sl. hjá sjóðum innan SAL og Landssambands lífeyrissjóða.